



Alþingi – Allsherjar- og menntamálanefnd
b.t. Björgvins G. Sigurðssonar
b.t. Austurstræti 8
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2013

Málsnúmer: 2013010105
Skjalalykill: 15.3.4

Málefni: Umsögn um frumvarp til breytinga á fjölmiðlalögum

Póst- og fjarskiptastofnun hefur fengið til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011, sbr. þingskjal 631 – 490. mál.

Með frumvarpinu er m.a. verið að mæla fyrir um viðbætur á reglum í VII. kafla fjölmiðlalaga sem fjalla um flutningsreglur á myndefni, en sá kafla laganna lýtur eftirliti og úrskurðarvaldi Póst- og fjarskiptastofnunar. Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins bætast tvær nýjar málsgreinar við 45. gr. laganna sem fjallar um *flutningsrétt* á myndefni. Efnislega fela greinarnar í sér rétt fjölmiðlaveitu til að fá aðgang að stuttum myndskaiðum myndefnis, sem háð er einkarétti annarrar fjölmiðlaveitu, af viðburðum sem vekja mikla athygli almennings, hvort sem er af innlendum eða erlendum toga. Gert er ráð fyrir að aðeins megi sýna myndskaiðin í fréttapáttum og í myndmiðlun eftir pöntun ef sami dagskrárliður er í boði í seinkaðri útsendingu frá sömu fjölmiðlaveitu.

Komi til ágreinings milli fjölmiðlaveitna um framgreint er ljóst að leyst verður úr slíkum ágreiningi á grundvelli sömu málsmeðferðar og mælt er fyrir um í 46.-47. gr. laganna. Meðal atriða sem geta komið til úrlausnar er ágreiningur um kostnað fyrir slíkan aðgang, en þá þarf jafnframt að meta fjárhagslegan ávinning fjölmiðlaveitunnar af því að geta sýnt umrætt myndefni. Slíkar greiningar á kostnaði og fjárhagslegum ávinningi geta verið býsna flóknar og tímafrekar. Póst- og fjarskiptastofnun fær ekki séð að fram hafi farið mat á hugsanlegu umfangi ágreiningsmála af þessu tagi né heldur áætlun um kostnað stofnunarinnar við úrlausn þeirra.

Þar sem hvorki liggur fyrir mat á umfangi þeirra stjórnsýsluverkefna sem hugsanlega kunna að tengjast 11. gr. frumvarpsins né kostnaðarmat vegna úrlausnar þeirra telur Póst- og fjarskiptastofnun rétt að gera fyrirvara um fjármögnun eftirlitsins að svo stöddu. Leggur stofnunin til að hugsanlegur kostnaður hennar vegna þessa verði metinn við síðari fjárlagagerð í ljósi reynslunnar af umfangi eftirlitsins.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell V. Gíslason